

## **Lög Foreldrafélags Grunnskóla Húnaþings vestra**

### **1. grein**

Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna.

### **2. grein**

Tilgangi sínum hyggst félagið m.a. ná með því:

- a) að fylgjast með og veita aðstoð í starfi skólans í þágu nemenda.
- b) að styðja menningarlíf innan skólans í samráði við skólastjórnendur, svo sem tónlist, myndlist, bókmenntir og sérhvað það annað, sem að gagni kann að koma fyrir nemendum og ekki telst til þeirra málefna, sem skólayfirvöld eru sérstaklega sett yfir.
- c) að koma með óskir um breytingar á starfi skólans

### **3. grein**

Stjórn félagsins skal skipuð 3 mönnum úr hópi forráðamanna nemenda kjörnum af aðalfundi til tveggja ára í senn, ár hvert, það er að segja 2 annað árið og 1 hitt árið. Í fyrsta skipti eru 2 kosnir til 2ja ára og 1 til eins árs. Varastjórn er skipuð 3 mönnum og kosin til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

### **4. grein**

Stjórn félagsins komi saman til fundar a.m.k. þrisvar á skólaárinu. Formaður boði til fyrsta stjórnarfundar í byrjun skólaárs. Í fyrsta skipti skal aldursforseti boða til fyrsta fundar. Stjórnin undirbýr og boðar til félagsfunda er halda skal a.m.k. einu sinni á ári og skal fyrsti félagsfundurinn jafnframt vera aðalfundur. Félagsfundir skulu boðaðir með minnst þriggja daga fyrirvara.

### **5. grein**

Aðalfundur gerir tillögu um árgjald til félagsins.

### **6. grein**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboði. Aðal- og félagsfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Lög þessu voru samþykkt á aðalfundi 13. október 2005.